

Persónuverndarstefna Landsvirkjunar

Landsvirkjun hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem unnið er með innan félagsins. Persónuverndarstefna þessi nær til persónuupplýsinga er varða ytri hagsmunaaðila Landsvirkjunar, ráðgjafa, verktaka, tengiliði og forsvarsmenn viðskiptavina og birgja félagsins, umsækjendur um styrki, þátttakendur í hugmyndasamkeppnum og aðra tengiliði félagsins (hér eftir sameiginlega vísað til „þín“).

Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að upplýsa þig um hvaða persónuupplýsingum félagið safnar og með hvaða hætti félagið nýtir slíkar persónuupplýsingar.

Ef þú ert í vafa um það hvernig stefna þessi varðar þig, vinsamlega hafðu samband við Ingvar Christiansen, persónuverndarfulltrúa félagsins, fyrir frekari upplýsingar. Samskiptaupplýsingar tengiliðs koma fram í lok stefnunnar.

1. Tilgangur og lagaskylda

Landsvirkjun leitast við að uppfylla í hvívetna persónuverndarlöggjöf og er stefna þessi byggð á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („persónuverndarlög“), með síðari breytingum.

2. Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Gögn sem eru ópersónugreinanleg teljast ekki persónuupplýsingar.

3. Persónuupplýsingar sem Landsvirkjun vinnur um hagsmunaaðila

Stefna Landsvirkjunar í samskiptum er að skapa stuðning og samstöðu með opnum samskiptum við hagsmunaaðila. Hagsmunaaðilar geta verið einstaklingar, s.s. landeigendur og íbúar svæðis, eða lögaðilar, s.s. sveitarfélög og félagasamtök.

Til að ná því lögmæta markmiði félagsins að vera í opnum samskiptum við hagsmunaaðila höldum við hagsmunaaðilaskrá og samskiptaáætlanir þar sem er að finna eftirfarandi upplýsingar um hagsmunaaðila og fulltrúa þeirra:

- tengiliðaupplýsingar, svo sem nafn, titill, símanúmer og tölvupóstfang; og
- upplýsingar um samskiptasögu.

Sé hagsmunaaðili landeigandi söfnum við einnig upplýsingum um eignarhlut viðkomandi í landareign þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Jafnframt varðveitum við lista yfir skráningar hagsmunaaðila á viðburði á vegum félagsins.

Vinnsla félagsins á upplýsingum um hagsmunaaðila byggir á lögmætum hagsmunum félagsins.

4. Persónuupplýsingar sem Landsvirkjun vinnur um ráðgjafa og verktaka

Vinnsla persónuupplýsinga þeirra ráðgjafa og verktaka sem starfa fyrir Landsvirkjun kann að fara eftir eðli þess verkefnis sem viðkomandi sinnir fyrir hönd félagsins.

Til þess að koma á samningi við ráðgjafa og verktaka söfnum við ávallt nafni og tengiliðaupplýsingum og þá kunnum við jafnframt að óska eftir aðgangi að ferilskrá. Einnig varðveitum við samskipti félagsins við ráðgjafa og verktaka.

Til að tryggja að allir þeir sem starfa fyrir Landsvirkjun á óbeinan hátt, hjá verktökum, undirverktökum eða starfsmannaleigum, njóti réttinda og kjara í samræmi við lög og kjarasamninga kunnum við jafnframt að kalla á eftir gögnum um ráðningarkjör starfsmanna þeirra sem við semjum við. Gerum við það á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins.

Til að bæta öryggi þeirra sem starfa á framkvæmdasvæðum og vegna lagalegrar skyldu félagsins, safnar félagið upplýsingum um slys og önnur atvik og greinir niðurstöður til að grípa til úrbóta eins og við á.

5. Persónuupplýsingar sem Landsvirkjun vinnur um tengiliði og forsvarsmenn viðskiptavina

Til þess að efna samninga okkar við viðskiptavini kann að vera nauðsynlegt að vinna eftirfarandi persónuupplýsingar um tengiliði og forsvarsmenn viðskiptavina okkar:

- tengiliðaupplýsingar, svo sem nafn, símanúmer og tölvupóstfang;
- undirskriftarheimild;
- starfsheiti;
- upplýsingar úr samskiptasögu; og
- aðgangsupplýsingar að viðskiptavef Landsvirkjunar.

Í þeim tilgangi að mynda viðskiptasambönd og finna og þróa tækifæri til nýrra viðskipta kunnum við jafnframt að safna eftirfarandi upplýsingum um mögulega viðskiptavini, ráðgjafa og áhrifavalda:

- samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, símanúmer og tölvupóstfang;
- vinnustaður;
- starfsheiti; og
- upplýsingar um samskiptasögu.

Er framangreindum upplýsingum safnað á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins.

6. Persónuupplýsingar sem Landsvirkjun vinnur um tengiliði og forsvarsmenn birgja

Vegna framkvæmdar samnings við birgja okkar og til að gera ráðstafanir að beiðni birgja áður en samningur er gerður, er nauðsynlegt fyrir félagið að safna tengiliðaupplýsingum þeirra sem koma fram fyrir hönd birgja. Á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins varðveitum við jafnframt samskiptasögu félagsins við birgja okkar.

7. Persónuupplýsingar sem Landsvirkjun vinnur um umsækjendur um styrki og þátttakendur í hugmyndasamkeppnum

Þegar sótt er um styrk hjá Landsvirkjun, hvort sem það er úr samfélagssjóði eða öðrum styrkveitingum, eða þegar sótt er um þátttöku í hugmyndasamkeppnum á vegum Landsvirkjunar, lítum við á þátttökuna sem beiðni um að gera samning, en á grundvelli þeirrar beiðni er nauðsynlegt að vinna tiltekna persónuupplýsingar.

Ávallt er óskað eftir tengiliðaupplýsingum, svo sem nafni, símanúmeri og tölvupóstfangi, en það fer eftir eðli beiðninnar hvort einnig sé óskað eftir kennitölu, ferilskrá og öðrum fylgiskjölum. Þær upplýsingar sem nauðsynlegt er að veita hverju sinni eru stjórnumerktar í þar til gerðu umsóknar- eða þátttökuformi. Veitir umsækjandi ekki nauðsynlegar upplýsingar getur það orðið til þess að Landsvirkjun geti ekki orðið við umsókn þinni.

8. Persónuupplýsingar sem Landsvirkjun vinnur um aðra tengiliði

Í starfsemi okkar söfnum við tengiliðaupplýsingum ýmissa tengiliða, s.s. hjá þeim stofnunum og yfirvöldum sem félagið er í reglulegum samskiptum við og öðrum slíkum aðilum. Er það gert á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins af því að einfalda samskipti, en upplýsingarnar eru uppfærðar eftir því sem þörf er á hverju sinni.

9. Persónuupplýsingar sem unnið er með vegna viðburða á vegum Landsvirkjunar

Sú vinnsla sem fer fram vegna viðburða á vegum Landsvirkjunar er byggð á lögmætum hagsmunum félagsins, en líkt og nánar er rakið í 15. gr. stefnu þessarar hefur þú rétt á að mótmæla vinnslu persónuupplýsinga sem byggist á lögmætum hagsmunum.

Þegar ná þarf til margra aðila á sama tíma, s.s. vegna boðs á stærri viðburði á vegum Landsvirkjunar, höfum við, í þeim tilgangi að einfalda samskipti, útbúið útsendingarlista þar sem er að finna nafn, símanúmer og tölvupóstfang þeirra tengiliða okkar sem við teljum eiga erindi á viðburði Landsvirkjunar.

Þegar þú færð sendan póst vegna viðburðar á vegum Landsvirkjunar eru veittar nánari upplýsingar um með hvaða hætti þú varst skráð/ur á listann. Í póstinum býðst þér jafnframt að afskrá þig af listanum með einföldum hætti, óskir þú ekki eftir því að vera skráð/ur á listann.

Á viðburðum félagsins kunna að vera teknar myndir sem síðar eru birtar á netinu og í öðrum miðlum. Ef viðburðir okkar eru teknir upp á myndband er leitast við að upplýsa um það sérstaklega á viðburðinum sjálfum.

10. Persónuupplýsingar sem safnast með rafrænni vöktun

Í öryggis- og eignavörsluskyni og á grundvelli lögmætra hagsmuna Landsvirkjunar er notast við myndavélaeftirlit í húsnæði félagsins sem og á framkvæmdarsvæðum þess. Vakin er athygli á notkun öryggismyndavéla með þar til gerðum merkjum.

Hafi t.d. verktaki, aðgang að aðgangsstýrðum rýmum í húsnæði félagsins, eða á framkvæmdarsvæðum, kann upplýsingum um ferðir um svæðið einnig að vera safnað, í öryggis- og eignavörsluskyni.

Upplýsingar sem safnast með rafrænni vöktun eru ekki varðveittar lengur en í 90 daga, nema lög heimili eða upplýsingarnar eru nauðsynlegar til að afmarka, setja fram eða verjast kröfu.

11. Miðlun til þriðju aðila

Landsvirkjun kann að miðla persónuupplýsingum til þriðju aðila í tengslum við samningssamband þeirra við félagið. Sem dæmi kann upplýsingum að vera miðlað til ráðgjafafyrirtækja, endurskoðenda og annarra þjónustu- og samstarfsaðila okkar.

Einnig gæti persónuupplýsingum verið miðlað til þriðju aðila sem veita okkur upplýsingatækniþjónustu og aðra þjónustu sem í felst vinnsla persónuupplýsinga og er hluti af rekstri félagsins, s.s. vegna öryggiseftirlits og stjórnun og varðveislu gagna.

Þjónustu- og samstarfsaðilar okkar kunna að vera staðsettir utan Íslands. Landsvirkjun mun þó ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar, s.s. á grundvelli staðlaðra samningsskilmála eða auglýsingar Persónuverndar um ríki sem veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

Persónuupplýsingar kunna að vera afhentar þriðja aðila að því marki sem heimilað er eða krafist er á grundvelli viðeigandi laga eða reglna, s.s. til Ríkisendurskoðunar á grundvelli skoðunarheimilda þess embættis. Einnig kann persónuupplýsingum að vera miðlað til þriðja aðila til að bregðast við löglegum aðgerðum eins og húisleitum, stefnum eða dómsúrskurði. Afhending getur einnig verið nauðsynleg í neyðarástandi eða til að tryggja öryggi starfsmanna Landsvirkjunar eða þriðja aðila.

12. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Landsvirkjun er vottað fyrirtæki samkvæmt staðlinum ISO 27001 um stjórnkerfi upplýsingaöryggis. Umfang vottunar nær til allra starfsmanna og allrar starfsemi í höfuðstöðvum fyrirtækisins.

Landsvirkjun leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar einstaklinga. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.

13. Varðveislutími

Þar sem Landsvirkjun er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er félaginu óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með heimild þjóðskjalavarðar.

Félagið hefur fengið heimild frá þjóðskjalaverði til að grisja tiltekin fylgiskjöl bókhalds. Aðrar upplýsingar eru varðveittar ótímabundið.

14. Breytingar á persónuupplýsingum þínum

Það er mikilvægt að þær persónuupplýsingar sem Landsvirkjun vinnur með séu bæði réttar og viðeigandi. Er því mikilvægt að þú tilkynnir félaginu um allar breytingar sem kunna að verða á þeim persónuupplýsingum sem þú hefur látið okkur í té.

Vinsamlega beinið öllum uppfærslum til Ingvars Christiansen, persónuverndarfulltrúa félagsins.

15. Réttindi þín hvað varðar þær persónuupplýsingar sem félagið vinnur

Þú átt rétt á að fá staðfest hvort við vinnum persónuupplýsingar um þig eða ekki, og ef svo er getur þú óskað eftir aðgangi að upplýsingunum og hvernig vinnslunni er hagað. Þá kann einnig að vera að þú hafir rétt á að fá afrit af upplýsingunum. Við ákveðnar aðstæður getur þú farið fram á það við félagið að við sendum upplýsingar, sem þú hefur sjálf/ur látið okkur í té eða stafa frá þér, beint til þriðja aðila.

Í ljósi þess að Landsvirkjun er afhendingarskyldur aðili, líkt og nánar er rakið í 13. gr. í persónuverndarstefnu þessari, er réttur þinn til eyðingar persónuupplýsinga takmarkaður. Þú kannt þó, við tilteknar aðstæður, að eiga rétt á að vinnsla persónuupplýsinga þinna verði takmörkuð, s.s. ef þú telur að upplýsingar þær sem Landsvirkjun vinnur um þig séu ekki réttar. Við þær aðstæður getur þú krafist þess að á meðan réttmæti upplýsinganna er kannað verði vinnsla þeirra takmörkuð.

Sé vinnsla á persónuupplýsingum þínum byggð á lögmætum hagsmunum félagsins átt þú einnig rétt á að mótmæla þeirri vinnslu.

Framangreind réttindi þín eru þó ekki fortaklaus. Þannig kunna lög að skylda félagið til að hafna ósk um eyðingu eða aðgang að gögnum. Þá getur félagið hafnað beiðni þinni vegna réttinda félagsins, s.s. á grundvelli hugverkaréttar, eða réttinda annarra aðila, s.s. til friðhelgi einkalífs, telji félagið þau réttindi vega þyngra.

Ef upp koma aðstæður þar sem við getum ekki orðið við beiðni þinni mun félagið leitast við að útskýra hvers vegna beiðninni hefur verið hafnað, þó með tilliti til takmarkana á grundvelli lagaskyldu.

16. Fyrirspurnir umsækjenda og kvörtun til Persónuverndar

Ef þú vilt nýta þér þau réttindi sem lýst er í 15. gr. í stefnu þessari, eða ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi persónuverndarstefnu þessa eða það hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar þínar, vinsamlegast hafðu samband við Dagnýju Jónsdóttur, tengilið persónuverndarmála hjá félaginu sem fylgist með eftirfylgni með persónuverndarlöggjöfinni sbr. 17. gr. í stefnu þessari.

Ef að þú ert ósátt/ur við vinnslu félagsins á persónuupplýsingum getur þú sent erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

17. Samskiptaupplýsingar

Við höfum tilnefnt persónuverndarfulltrúa til að hafa umsjón með eftirfylgni þessarar persónuverndarstefnu. Hér fyrir neðan má finna samskiptaupplýsingar hans:

Ingvar Christiansen
personuvernd@landsvirkjun.is
+354 515 9000

Samskiptaupplýsingar félagsins:

Landsvirkjun
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

18. Endurskoðun

Landsvirkjun getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt á vefsíðu Landsvirkjunar.

Persónuverndarstefna þessi kemur í stað upphaflegrar persónuverndarstefnu sem sett var þann 5. júní 2018.

Reykjavík, 7. október 2020.